

**Ed.**

**754. Nefndarálit**

[291. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 58 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Próunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Á liðnu ári við umfjöllun iðnaðarnefndar um lagmetisiðnaðinn komu fram þau viðhorf, að sölusamtök um lagmeti ættu að starfa á sama grundvelli og hliðstæð samtök annarra útflutningsgreina. Meiri hluti nefndarinnar leggur því áherslu á að fyrirkomulag þessara mála verði endurskoðað að frumkvæði iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra í samráði við þá aðila sem starfa í lagmetisiðnaði. Framkvæmdastjóri Sölustofnunar lagmetis og fulltrúar nokkurra framleiðenda lagmetis mættu til fundar með nefndinni. Meiri hl. nefndarinnar mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Þorv. Garðar Kristjánsson var fjarverandi afgreiðslu málsins. Minni hl. skilar séráliti.

Alþingi, 27. apríl 1982.

Davíð Aðalsteinsson,  
form., frsm.

Egill Jónsson.

Gunnar Thoroddsen.

Stefán Guðmundsson.

Stefán Jónsson.